

Mál nr. 194/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Maður slasaðist þegar gírkassi datt úr stroffu þegar verið var að hífa hann þ.24.10.2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.6.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 7.7.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Málsatvik.

Verið var að hífa gírkassa upp úr viðgerðargryfju á verkstæði A. Kaðall var bundinn utan um gírkassann og hengdur á krók á lyftubúnaði. Þegar verið var að hífa gírkassann upp úr gryfjunni rann kaðallinn til á króknum og við það steypist gírkassinn niður og á M sem slasaðist við það að gírkassinn féll á hann. M gerir kröfur um bætur úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og segir lögmaður hans að M hafi verið skipað að setja bönd á gírkassann og verið að því þegar híft var áður en hann hafði lokið þessari vinnu sinni og hafi gáleysi meðstarfsmanns valdið slysi M. Af hálfu M er tekið fram að hann hafi verið óvanur þessu verki og ekki gert það áður. V hafnar bótaskyldu og segir það verk sem M var að vinna í umrætt sinn einfalt og hættulítið og vanur maður á ferð og beri vitni að M hafi beðið um að híft yrði áður en það var gert. Þá segir V að tjónþola sé einum um að kenna hvernig fór að því marki sem ekki sé um óhappatilviljun að ræða.

Álit.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að ekki hafi verið gengið nógu vel frá festingum á gírkassanum við lyftibúnaðinn og hafi það verið órsök slyssins eins og nánar er lýst. Sá sem gekk frá þessari festingu var M. Ekki hefur verið upplýst að starfsaðstöðu eða aðbúnaði hafi verið ábótavant eða að sök liggi hjá einhverjum öðrum starfsmanni A en M. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 5.8 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.